

Nd.

77. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til l. um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á árinu 1946, 2. des., gerist Ísland aðili að alþjóða hvalveiðasamningnum, en af því leiðir, að nauðsynlegt er að endurskoða gildandi lög um hvalveiðar. Er það gert í þessu frv. Samningur þessi er í meginatriðum byggður á nauðsyn þess, að gerðar séu með alþjóðasamtökum ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að gengið sé of nærri hvalastofninum. Eru alþjóðasamtök þau, sem hér um ræðir, hin þörf-ustu, þegar á það er litið, að viðkoma hvalastofnsins er lítil, en hins vegar kosta ýmsar fiskveiðalþjóðir mjög kapps um stórvirka þátttöku í hvalveiðunum, sem nú um skeið hafa reynzt vera arðgæfur atvinnuvegur. Ekki þykir rétt að binda í lögum um ýmis þau friðunarákvæði, sem samningurinn tekur til, en í þess stað er ráð fyrir því gert, að slíkt skuli vera ákveðið í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að reynslan sýni, að nokkuð örar bréytingar geti orðið á alþjóðasamþykktinni um þessi atriði, og er þá hægara um vik að breyta reglugerðinni til samræmingar en að breyta lög- unum. En að sjálfsögðu eru þau meginatriði, sem til greina koma, mörkuð í lög- unum. Sjávarútvegsnefnd flytur nokkrar breytingartillögur við frv., og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenskri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti.
2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.
3. Við 6. gr. Fyrir „má“ í 2. málsgr. kemur: skal.
4. Við 7. gr. Fyrir „Eigandi“ í upphafi gr. kemur: Útgerðarmaður.
5. Við 10. gr.
 - a. Fyrsti másl. fyrri málsgr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum.
 - b. Síðari málsgr. orðist svo:
Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

Alþingi, 3. nóv. 1948.

Finnur Jónsson,	Pétur Ottesen,	Halldór Ásgrímsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Áki Jakobsson.	Sigurður Kristjánsson.	